

REGLUGERÐ

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

5
10. jan.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið Rafmagnsveitunnar.

Rafmagnsveita Reykjavíkur er fyrirtæki, sem Reykjavíkurkaupstaður starf-
rækir, í þeim tilgangi að veita raforku um bæinn og selja hana til heimilisnotkunar,
iðnaðar og annarra þarfa.

Rafmagnsveitan er eign Reykjavíkurbæjar, en skal rekin sem sjálfstætt fyrir-
tæki með nafninu Rafmagnsveita Reykjavíkur.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafmagnsveita Reykjavíkur vinnur raforku úr Elliðaánum, svo og úr öðrum
raforkuverum, sem síðar kunna að verða reist innan orkuveitusvæðis Rafmagns-
veitunnar, kaupir raforku af Sogsvirkjuninni eða öðrum, og veitir orkunni um
orkuveitukerfi Rafmagnsveitunnar.

Orkuveitusvæði Rafmagnsveitunnar er lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og sá
hluti nágrennis bæjarins, sem bæjarstjórn ákveður, og atvinnumálaráðherra sam-
þykkir.

Rafmagnsveita Reykjavíkur hefir einkarétt til sölu á raforku til notenda á
orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn rafmagnsmála. Rafmagnsstjóri.

Yfirstjórn rafmagnsmála bæjarins er í höndum bæjarstjórnar, en framkvæmda-
stjórnin skal falin bæjarráði ásamt rafmagnsstjóra, sem bæjarstjórnin skipar að
fengnum tillögum bæjarráðs, og skal hann vera rafmagnsverkfræðingur. Bæjar-
stjórnin setur honum erindisbréf. Rafmagnsstjóri er framkvæmdarstjóri Rafmagns-
veitunnar.

4. gr.

Verksvið bæjarráðs.

Bæjarráð hefir á hendi stjórn Rafmagnsveitunnar, sér um viðhald hennar og
umbætur, og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald
og reikningskil. Það skal gefa bæjarstjórn þær skýrslur, sem óskað er eftir, um
starfrækslu og ástand Rafmagnsveitunnar og leggja ársreikning hennar með árs-
reikningum bæjarsjóðs fyrir bæjarstjórn til úrskurðar.

Bæjarráð semur nánari reglur, sem bæjarstjórn skal staðfesta, um einstök
atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Það gerir einnig tillögur til
bæjarstjórnar um gjaldskrár fyrir Rafmagnsveituna, undirbýr samninga um orku-
kaup og orkusölu, og annast framkvæmdir allra rafmagnsmála bæjarins.

Bæjarráð skipar alla fasta starfsmenn Rafmagnsveitunnar, að fengnum tillög-
um rafmagnsstjóra, og setur þeim erindisbréf og ákveður, hvernig aðrir starfs-
menn skuli ráðnir.

5. gr.

Verksvið rafmagnsstjóra.

Rafmagnsstjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi Rafmagnsveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefir umsjón með rafmagnslagningu í bænum, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem Rafmagnsveitan kaupir eða selur.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafmagnsveita Reykjavíkur hefir sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslu fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvilandi skuldum, vöxtum og öðrum reksturskostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur Rafmagnsveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar bæjarstjórn.

Rafmagnsstjóri varðveitir sjóð Rafmagnsveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem bæjarráð setur.

7. gr.

Löggilding rafmagnsvirkja.

Bæjarráð löggildir þá menn til lagninga á húsveitum, er fullnægja löggildingarskilyrðum, enda hafi þeir áður hlotið löggildingu Rafmagnseftirlits ríkisins til rafvirkjastarfa. Þessir menn nefnast löggiltir rafmagnsvirkjar og skal bæjarráð setja reglur um frágang og tilögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra. Engir aðrir en þeir, sem löggiltir eru, mega taka að sér lagningu á húsveitum, uppsetningu tækja, eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugakerfi Rafmagnsveitunnar.

Bæjarráð getur, þegar því þykir ástæða til, ákveðið verðlag á efni og vinnu rafmagnsvirkja, svo og ákveðið í gjaldskrá greiðslur fyrir verk þau, sem Rafmagnsveitan innir af hendi við úttekt raflagna, skoðunargerðir og annað eftirlitsstarf sitt.

B. Söluskilmálar.

8. gr.

Sala raforku.

Rafmagnsveita Reykjavíkur selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alstaðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá Rafmagnsveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafmagnsstjóri láta í té orku með annari spennu.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætlað umsóknareyðublað, er fæst á skrifstofu Rafmagnsveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá Rafmagnsveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

10. gr.

5

Umsókn um heimtaug.

10. jan.

Umsóknir um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá Rafmagnsveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign Rafmagnsveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafmagnsveitan annast viðhald og endurnýjun heimtauga, án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafmagnsveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarks-notkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og Rafmagnsveitan þarf til þess að fullnægja henni sérstaklega, að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiriháttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafmagnsstjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggilta rafmagnsvirkja, eða Rafmagnsveituna, ef hún tekur sliker verk að sér, framkvæma alla vinnu við rafmagnslagnir og rafmagnstæki, hvort heldur er um að ræða nýjar rafmagnslagnir, breytingar eða viðgerð á rafmagnslögn og annast þeir fyrir hönd húseiganda eða notanda umsóknir og tilkynningar til Rafmagnsveitunnar um allar rafmagnslagnir, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um rafmagnslagnir í Reykjavík, en Rafmagnsveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á rafmagnslögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn Rafmagnsveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, í fyrsta sinn eftir úttekt. Sé út af þessu brugðið varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafmagnsvirkja, er sá um verkið.

Rafmagnsveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafmagnsveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taukakerfi Rafmagnsveitunnar ofviða, og þar sem hættu kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notanda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá Rafmagnsveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni að Rafmagnsveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara, með því skilyrði að greitt sé lágmarksárgjald, sem svari til þeirrar kvaðar, sem hvílir á Rafmagnsveitunni, vegna tengingarinnar.

Framsäl til annara á raforku, sem keypt er af Rafmagnsveitunni, er óheimilt án leyfis Rafmagnsveitunnar.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum Rafmagnsveitunnar um rafmagnslagnir.

5 10. jan. Rafmagnsstjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á rafmagni og skulu starfsmenn Rafmagnsveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna, eða hluta hennar, eða rafmagnstæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annari notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafmagnsvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun húsveitu, sem framkvæmd er af Rafmagnsveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafmagnsvirkja, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta löggiltan rafmagnsvirkja gera við gallana á sinn kostnað.

Rafmagnsstjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Óleyfilegt er að nota annað efni í veitu eða tæki en það, sem viðurkennt er af Rafmagnsveitunni.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá, vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

14. gr.

Mælitæki.

1) Rafmagnsstjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforku notkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar þar til hann lætur af notkun hennar og hefir sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Rafmagnsveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðhald eða endurnýjun.

2) Ef notandi óskar að mælitæki sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til Rafmagnsveitunnar. Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé $+ \div 5\%$ eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri skal Rafmagnsveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðilja. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en $+ \div 5\%$, en Rafmagnsveitan annars.

Hafi kwst-mælir sýnt $+ \div 5\%$ skekkju eða meira, skal Rafmagnsveitan áætla leiðréttingu á reikningi fyrir rafmagnsnotkun miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komist, þó ekki fyrir

lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3) Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en Rafmagnsveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefir Rafmagnsveitan rétt til að neita um hemil, og skal notandi þá skyldur til að breyta um taxa.

4) Ef notandi hefir aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er Rafmagnsveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.

5) Ef svo reynist, að notkun hefir orðið meiri en álestur sýnir, eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur Rafmagnsveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.

6) Verði uppvíst að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið, eða að raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal Rafmagnsveitan áætla þann straum, sem notaður hefir verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá, fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru. Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefir gerzt.

15. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda getur Rafmagnsveitan krafizt tryggingar fyrir skilvisri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitæk-ið, er Rafmagnsveitunni heimilt að krefjast lágmagsgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er Rafmagnsveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni, eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafíð er um greiðslu. Nánari reglur um gjalddaga má setja í gjaldskrá.

17. gr.

Lökun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafist, getur Rafmagnsveitan sent gjaldanda tilkynningu, eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu Rafmagnsveitunnar innan viku. Nú dregst greiðsla lengur og er þá heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en 3 dögum eftir, að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafmagnsveitunni er heimilt að loka fyrir rafmagnið og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda, til innheimtu með lögtaki:

- 5 a. Þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan segir, hefir ekki greitt reikning frá Rafmagnsveitunni, sem fallinn er í gjalddaga.
10. jan. b. Þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina.
- c. Þegar Gasstöð Reykjavíkur biður Rafmagnsveituna um að loka fyrir strauminn vegna þess að notandi hefir ekki greitt gas, koks eða annað til Gasstöðvarinnar.
- d. Þegar notandi hefir gerst brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir strauminn af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur nema:

1. Að skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því að skuldin verði greidd.
2. Að greitt sé aukagjald fyrir endurofnun veitunnar samkv. gjaldskrá.
3. Að trygging sé sett fyrir skilvisri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi veitu óskar eftir að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir endurofnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu nema þeir, sem Rafmagnsveitan hefir veitt umboð til þess, hverju sinni.

Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

18. gr.

Reksturstruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefir ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur Rafmagnsveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annara óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og Rafmagnsveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotanda.

Rafmagnsveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgidögum, á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júli, svo og endranær þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er Rafmagnsveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á rafmagni um langan eða skamman tíma, ákveður bæjarstjórn, eftir tillögum bæjarráðs, hver notkun skuli takmörkuð fyrst.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur Rafmagnsveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku með föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá 1/300 hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna, vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

19. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutninga eða breytingu í notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár Rafmagnsveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti í 1 ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafmagnsstjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu, þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá Rafmagnsveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafmagnsstjóra skriflega.

Rafmagnsveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefir samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íhúð í aðra skal afhenda á innheimtu-skrifstofu Rafmagnsveitunnar með hálfis mánaðar fyrirvara.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til hann hættir notkun veitunnar og hefir sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefir til uppsagnar samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár Rafmagnsveitunnar og breytingum þeim, sem bæjarstjórn samþykkir og atvinnumálaráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafmagnsstjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð bæjarráðs.

C. Almenn ákvæði.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglugerðum, sem settar verða samkvæmt henni varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum Rafmagnsveitunnar, skal hinn brotlegi auk þess bæta skaðann.

Sektir renna í rikissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögglumál.

23. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 98 5. nóv. 1920.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. janúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.